

Samþykktir Svæðisnefndar GSA-samtakanna á Íslandi

1. gr. Félagið heitir Svæðisnefnd GSA-samtakanna (Greysheeters Anonymous) á Íslandi (áður Landsþjónustunefnd GSA-samtakanna (Greysheeters Anonymous) á Íslandi).

2. gr. Heimili félagsins og varnarþing er á lögheimili oddamanns svæðisnefndar hverju sinni.

3. gr. Hlutverk svæðisnefndar er sem hér segir:

- a) að aðstoða GSA-deildir á Íslandi við að bera hömlulausum ofætum sem enn þjást boðskap GSA-samtakanna,
- b) að standa vörð um reynsluspor og erfðavenjur GSA-samtakanna og viðhalda þeim góða orðstír sem samtökin hafa áunnið sér,
- c) að hafa umsjón og eftirlit með eigum GSA-samtakanna á Íslandi,
- d) að vera tengiliður við heimsráð GSA-samtakanna og kjósa svæðisnefndarfulltrúa til að koma fram fyrir hönd svæðisnefndarinnar á heimsráðstefnu GSA-samtakanna,
- e) að skipa starfsnefndir innan GSA-samtakanna er sinna eiga sérstökum verkefnum sem falla innan starfssviðs svæðisnefndar,
- f) að halda svæðisnefndarfundum í því skyni að efla samstarf og samskipti milli deilda á svæðinu,
- g) að kalla saman svæðisráðstefnu í mars ár hvert til að ræða málefni samtakanna í heild.

4. gr. Helstu verkefni svæðisnefndar eru:

- a) að veita GSA-deildum á Íslandi þjónustu með því fjalla um málefni sem þær varða, þ.m.t. að halda skrá yfir GSA-fundi á svæðinu, annast sölu á útgefnum efni, viðhalda vefsíðu samtakanna, veita upplýsingar og annast samskipti við fagfólk,
- b) að viðhalda bréfa- og bókasafni samtakanna,
- c) að koma fram fyrir hönd samtakanna. Skal í þeim tilvikum sem samtökin koma fram opinberlega finna velviljaðan, óháðan aðila til að hafa orð fyrir samtökunum eða fulltrúa úr GSA-samtökunum sem kemur þá fram nafnlaust.

5. gr. Skipan svæðisnefndar

- a) Deildarfulltrúar allra skráðra GSA-deilda mynda svæðisnefnd GSA-samtakanna á Íslandi. Varadeildarfulltrúi tekur sæti deildarfulltrúa í forföllum hans.
- b) Allir fulltrúar svæðisnefndar skulu vera virkir GSA-félagar og mælt er með að þeir hafi a.m.k. tveggja ára fráhald.
- c) Hver GSA-deild veitir deildarfulltrúa sínum rétt til að taka ákvörðun á svæðisnefndarfundum og svæðisráðstefnu, þ.e. að vinna skv. samvisku sinni eftir að hafa hlustað á umræður á fundunum og tekið þátt í þeim.

- d) Svæðisnefnd velur sér oddamann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi. Kjörtímabil þeirra skal vera tvö ár og mælt er með að þeir hafi a.m.k. þriggja ára óslitið GSA-fráhald að baki.
- e) Nefndin kýs svæðisnefndarfulltrúa gagnvart heimsráði og varafulltrúa hans. Oddamaður getur jafnframt verið svæðisnefndarfulltrúi.
- f) Nefndin velur fulltrúa sinn í starfsnefndir (útgáfunefnd, vefnefnd og SOS-nefnd) sem er tengiliður viðkomandi nefndar við svæðisnefnd.
- g) Enginn GSA-félagi má sitja lengur en þrjú kjörtímabil í einu sem aðalfulltrúi í svæðisnefnd. Nefndin áskilur sér rétt á undanþágum frá þessari reglu.
- h) Svæðisnefnd er heimilt að velja sér svæðisnefndarfulltrúa utan síns hóps.

6. gr. Fundir svæðisnefndar

- a) Svæðisnefndarfundir skulu haldnir eins oft og þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- b) Oddamaður skal boða fundi og hann stýrir umræðum samkvæmt dagskrá fundarins.
- c) Hafa skal vilja heimsráðstefnunnar til hliðsjónar varðandi dagskrá og umræðuefndi funda.
- d) Hver skráð GSA-deild fer með eitt atkvæði á svæðisnefndarfundum.
- e) Öllum GSA-félögum er velkomið að sitja svæðisnefndarfundum. Þeir hafa málfrelsi en ekki atkvæðisrétt.
- f) Svæðisnefndarfundir geta hvort sem er verið hefðbundnir fundir eða fjarfundir þar sem notast er við síma, Skype eða annað fjarfundarform.
- g) Þurfi deildarfulltrúi að ferðast um langan veg á svæðisnefndarfundum geta GSA-deildir greitt hóflegan ferðakostnað deildarfulltrúa síns á fundinn.

7. gr. Svæðisnefndarfulltrúi

- a) Svæðisnefnd skal kjósa svæðisnefndarfulltrúa til að taka þátt í heimsráðstefnu GSA-samtakanna fyrir hönd svæðisnefndarinnar. Svæðisnefnd kýs bæði aðal- og varafulltrúa sem mætir á ráðstefnuna ef aðalfulltrúi kemst ekki. Svæðisnefnd skal hafa hliðsjón af leiðbeinandi fyrirmælum heimsráðstefnu varðandi val á aðal- og varafulltrúa á heimsráðstefnuna, svo og varðandi undirbúning undir ráðstefnuna og þátttöku í henni og nefndum hennar.
- b) Mælt er með að svæðisnefndarfulltrúi sé GSA-félagi með minnst þriggja ára óslitið GSA-fráhald og reynslu af annarri þjónustu í samtökunum. Svæðisnefndarfulltrúi mætir reglulega á GSA-fundi, þekkir vel til tólf spora starfs og erfðavenjanna tólf og er staðráðinn í að fylgja erfðavenjunum tólf og þjónustuhugtökunum tólf. Svæðisnefndarfulltrúi mætir á svæðisnefndarfundum svo að hann sé upplýstur um málefni svæðisnefndarinnar og geti komið fram fyrir hönd hennar á heimsráðstefnunni.
- c) Svæðisnefndin notar framlög sem henni berast m.a. til að greiða kostnað við ferðir svæðisnefndarfulltrúa á heimsráðstefnu.
- d) Svæðisnefndarfulltrúar eru kosnir til tveggja ára. Svæðisnefndarfulltrúi má mest gegna þjónustunni í þrjú kjörtímabil.

8. gr. Svæðisráðstefna

- a) Svæðisráðstefna GSA-samtakanna skal haldin árlega í mars.
- b) Rétt til setu á svæðisráðstefnunni eiga allir virkir GSA-félagar.
- c) Hver skráð GSA-deild fer með eitt atkvæði á svæðisráðstefnunni og skal deildarfulltrúi koma fram fyrir hönd deildar sinnar eða varadeildarfulltrúi í forföllum hans.
- d) Svæðisráðstefna skal boðuð á vefsíðu samtakanna og með tilkynningum á deildarfundum eða með öðrum sannanlegum hætti með skemmst 14 daga fyrirvara.
- e) Dagskrá svæðisráðstefnu skal vera:
 - i. Skýrsla svæðisnefndar um störf sín á liðnu starfsári
 - ii. Reikningar svæðisnefndar lagðir fram til samþykktar
 - iii. Skýrsla starfsnefnda um störf sín á liðnu starfsári
 - iv. Skýrsla svæðisnefndarfulltrúa um heimsráðstefnu og málefni samtakanna á heimsvísu
 - v. Almennar umræður um áherslur og framtíðarverkefni svæðisnefndar
 - vi. Önnur mál

9. gr. Rekstrarkostnaður

- a) Um framlög deildanna til sameiginlegs rekstrarkostnaðar vegna verkefna svæðisnefndar skal fjalla á svæðisráðstefnu þegar þörf krefur.
- b) Í anda 7. erfðavenju GSA-samtakanna eru GSA-deildir hvattar til að leggja svæðisnefnd sinni til framlög til reksturs hennar, svo sem fyrir fundaraðstöðu, fjölföldun, rekstri heimasíðu, póstkostnaði og kostnaði við að senda svæðisnefndarfulltrúa á heimsráðstefnu.

10. gr. Starfsnefndir

Svæðisnefnd skipar starfsnefndir eftir þörfum, þ.á m. vefnefnd, útgáfunefnd og SOS-nefnd. Þátttaka í starfi nefndanna er opin öllum virkum GSA-félögum. Svæðisnefnd skipar einn fulltrúa úr sínum hópi í hverja nefnd sem skal vera tengiliður nefndarinnar við svæðisnefnd. Fulltrúi svæðisnefndar er valinn til tveggja ára í senn. Æskilegt er að fulltrúi svæðisnefndar hafi tveggja ára samfelld GSA-fráhald og hafi verið virkur í starfi fyrir GSA-samtökin.

a) Vefnefnd

Hlutverk vefnefndar er að:

- i. standa vörð um vefsíðu GSA-samtakanna (gsa.is),
- ii. aðstoða svæðisnefnd við að koma efni inn á vefsíðuna. Vefnefnd ber ábyrgð á að efni sem sett er á vefsíðuna sé viðurkennt GSA-efni

b) Útgáfunefnd

Hlutverk útgáfunefndar er að:

- i. að annast þýðingu á GSA-efni og sjá til þess að bataleið GSA-samtakanna komist vel til skila,
- ii. að sjá um útgáfu og dreifingu GSA-bóka og GSA-bæklinga,
- iii. að halda utan um og tryggja höfundar- og útgáfurétt á GSA-efni,
- iv. að hafa umsjón með rekstri og eigum GSA-útgáfunnar.

c) **SOS-nefnd**

Hlutverk SOS-nefndar er að:

- i. skipuleggja 12 spora starf sem fer fram á sjúkrahúsum og stofnunum,
- ii. halda utan um skráningar á félögum sem vilja starfa á sjúkrahúsum og stofnunum.

11. gr. Allar GSA-deildir eru algerlega sjálfstæðar og óháðar afskiptum svæðisnefndar nema upp komi mál sem falla undir 3. gr., lið b) hér að ofan.

12. gr. Samþykktum þessum verður einungis breytt á svæðisráðstefnu með einföldum meirihluta atkvæða. Tillögur til breytinga á samþykktunum þurfa að hafa borist svæðisnefnd fyrir 15. febrúar og skulu sendar með fundarboði.

Lagt fram til samþykktar á svæðisráðstefnu (landsráðstefnu) GSA-samtakanna laugardaginn 28. mars 2015